

Davíðshús

Afhending 2020/1

Árið 1944 lét skáldið Davíð Stefánsson frá Fagraskógi byggja hús við Bjarkarstíg 6 á Akureyri. Hann bjó þar þangað til hann lést árið 1964.

Davíðshús var gert að safni árið 1965. Akureyrarbær keypti bókasafn Davíðs og erfingjar hans ánöfnuðu Akureyrarbæ innanstokksmunum og persónulegum eigum hans. Velunnarar Davíðs stóðu fyrir landssöfnun til að geta keypt húsið sjálft sem síðan var afhent Akureyrarbæ.

Á efri hæð hússins er íbúð skáldsins sem er varðveitt eins og hann skildi við hana þegar hann lést. Þar er að finna veglegt bókasafn með fágætum prentunum af ýmsum toga, handrit, listaverk og persónulegir munir úr eigu skáldsins.

Davíðshús var gert upp og lagfært á níunda áratug tuttugustu aldar og árið 1988 var íbúð á neðri hæð hússins gerð að rithöfunda- og fræðimannaíbúð sem leigð er út í lengri eða skemmri tíma gegn vægu gjaldi. Í íbúðinni eru svefnherbergi, stofa, vinnuherbergi, eldhús og baðherbergi ásamt öllum nútíma þægindum eins og sjónvarpi, þvottavél, þurrkara og síma.

Afhendingin barst frá Þórði Sævari Jónssyni, umsjónarmanni Davíðshúss. Önnur afhending frá sama skjalamyndara er nr. 392, en einnig eru til gögn frá Davíðshússnefnd.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
18. febrúar 2020

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
Davíðshús			2020 / 1
A-Gestabækur			
A-Gestabækur			1993 - 2007
2020 - A / 1	1	1993- 2007 Gestabók dvalargestanna í gestaíbúð.	22,5 x 16,5 cm ib. laus blöð